

# TEMPLAR.

XXIII.


Reykjavík, 22. marz 1910.

5. blað.

## Myndasafn „Templars“.



Haraldur Nielsson.



Jón Pálsson.

»Templar« leyfir sér hér með að flytja myndir af tveim mikilsvirtum bræðrum, sem náðu sæti í framkvæmdarnefnd Stórstúkunnar á síðasta þingi hennar.

Br. síra *Haraldur Nielsson*, S.Kap., gekk inn í stúkuna »Hlín« nr. 33 þann 17. janúar 1898. Nokkru síðar tók hann þar lausnarmiða og gekk inn í stúkuna »Verðandi« nr. 9 og hefir verið félagi hennar síðan. Hann hefir gegnt ýmsum störfum í undirstúku, svo sem Æ. T.,

umboðsmanns og Kapiláns. Hann tók umdæmisstúkustig þann 7. apríl 1898 og var U.Æ.T. eitt kjörbil. Hann tók stórstúkustig árið 1900 og var kosinn Stór-V.-Templar á þinginu 1901 og þá gerður að umboðsmanni Alþj. Æ. T. fyrir Ísland. Hann hlaut þann heiður að vera fyrsti fulltrúinn, er Stórstúkan sendi á alþjóða-hástúkuping og fór hann í því skyni til Stokkhólms 1902 og tók þar hástúkustigið þann 8. júlí. Þá var hann kosinn Vörður Hástúkunnar og var það þangað til hún kom saman 1905 í Belfast á Írlandi. Hann hélt þá snjallan fyrirlestur í söngleikhöllinni í Stokkhólmi um bindindisstarfið á Íslandi fyrir fullu húsi þar sem samsafnað var alt heldra fólk og stórmenni Svía. Br. Haraldur er mælskur vel og hefir gott lag á að hræra tilfinningar tilheyrenda sinna; það hefir því ekki órsjaldan borið við að hann hafi talað á opinberum fundum og málfundum um bindindi og bann. Sérstaklega er viðbrugðið ræðunni sem hann hélt á fundinum í Bárúhúsinu fyrir atkvæðagreiðsluna 10. sept. 1908. Br. Haraldur hefir margt fleira gert fyrir Regluna, sem hér yrði oflangt upp að telja og verður þetta að nægja. Hann er fæddur 1. des. 1868.

Br. bankaritari *Jón Pálsson*, S. Ritari. Hans hefir áður verið rækilega minst í »Templar«. Margt virðist benda til þess að br. Jón hafi góð áhrif á Regluna sem Stór-Ritari. Nú á þessum vetri hefir hann mikið unnið í þessum unglingastúknanna. Hann hefir oft komið á fundi hjá þeim óg lesið upp fyrir börnin og frætt þau á ýmsan hátt og svo hefir hann æft með þeim söng og eytt til þess miklum tíma og sýnt með því staka alúð og þrautseigju og á hann miklar þakkar skildar fyrir það. Hann er fæddur 3. ág. 1865.